

Fundur hjá stjórn Skátaskólans þann 29.08.2023

Mætt: Björk, Dagga, Kristín Hrönn og Guðrún Stefánsdóttir, tengiliður við stjórn BÍS.

1. Nýr tengiliður við stjórn BÍS - Guðrún Stefánsdóttir, við bjóðum hana velkomna í hópinn.
2. Kynning á verkefnum skátaskólans
3. Ræddum stöðu verkefna okkar miðað við stefnu BÍS
 - a. Þurfum að finna nýja leið til að birta rafrænt efni og úrval námskeiða og bjóða upp á rafræn námskeið.
 - b. Til að kynna okkur hvernig aðrir setja upp sitt fræðsluframboð langar okkur að fá fund með Björgunarskóla Landsbjargar og sjá hvað þau eru að gera.
 - c. Auka þarf framboð af námskeiðum um framkomu, tjáningu, sálfræði, sjálfstyrkingu o.fl.
4. Rætt um að hafa sérstakt dróttskátanámskeið fyrir þau sem eru að langar til að vera aðstoðarforingjar - (dagpart eða kvöld)
 - a. Framkoma við börn, hvað má tala um, Ekki nafngreina börnin o.s.frv.
 - b. Leikjastjórnun, leikjaspil
 - c. Athuga hvort það sé mögulegt að hafa sérstakan lið á dróttkrafti þar sem farið verður í þetta @Katrín,

Markmið vetrarins

Setja upp gott yfirlit yfir námsframboð, á netinu

Öll námskeið sem eru í boði, fyrir hverja, hvað er kennt, hvenær og hvar

Sama fyrir rafræn námskeið

Önnur mál

Fundartímar: Þriðjudagar kl. 17.00, stefnum á fund einu sinni í mánuði